



HSV  
b.t. Sigríðar Láru Gunnlaugsdóttur  
Suðurgata 12  
400 Ísafirði

Ísafjörður, 4. júlí 2019

Stjórn Vestra | hjólreiða óskar hér með eftir liðsinni HSV við að sækja um styrk til Ísafjarðarbæjar til að mæta kostnaði við framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðar framkvæmda á fjallahjólaleiðum á Seljalandsdal og Tungudal, skv. reikningi Ísafjarðarbæjar, að fjárhæð kr. 81.613,-. Á 521. fundi skipulagsnefndar sem haldinn var 12. júní sl. var Vestra | hjólreiðum veitt heimil notkun svæðis í eigu Ísafjarðarbæjar undir fjallahjólreiðar.

Vestri | hjólreiðar er nýstofnuð deild innan Vestra og er stígagerð unnin í sjálfbóðaliðavinnu. Með leyfi til framkvæmda getur hjólreiðadeildin nú aukið fjölbreytni á leiðum, út frá erfiðleikastigi og tegundum hjólreiða og því hægt að stunda fjallahjólreiðar stærri hluta ársins meðan aðrar leiðir legið undir snjó. Vestri | hjólreiðar byggir stígana upp með þeim hætti að þeir eru gerðir fyrir fjallahjólreiðar en geta jafnframt nýst göngu- og hlaupafólki.

Stígarnir ýta undir meginmarkmið Ísafjarðarbæjar sem Heilsueflandi samfélags, þar sem skapast umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Þess ber að geta að Vestri | hjólreiðar standa að tveimur keppnum sem haldnar verða í Skutulsfirði á árinu 2019 í fjallahjólreiðum. Annars vegar Íslandsmóti í fjallahjólreiðum XCO 21. júlí og hins vegar Enduro Ísafjörður 17. ágúst n.k.

Virðingarfyllt,  
Stjórn Vestra | hjólreið

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Heiða Jónsdóttir  
Viðar Kristinsson